



# VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Keldnaholti, 112 Reykjavík, Sími 5806300, Símbref 5806301,

Netfang: [veidimalastofnun@veidimal.is](mailto:veidimalastofnun@veidimal.is), Veffang: [www.veidimal.is](http://www.veidimal.is)

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 8.12.2012

## **Ný umsögn um frumvarp um breytingar á lögum um lax og silungsveiði mál 390.**

Veiðimálastofnun fékk til umsagnar og sendi inn umsögn þann 3. þessa mánaðar um frumvarp um breytingar á lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum (deildir í veiðifélögum) sem lagt hefur verið fyrir Alþingi, þingskjal 466, 390. mál. Frumvarpið er unnið af nefnd skipaðri af Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, en mælt fyrir því af Atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Ekki var leitað eftir áliti Veiðimálastofnunar við samningu frumvarpsins og er það miður. Tíminn til umsagnar var knappur og eftir á að hyggja gafst ekki ráðrúm til að kanna frumvarpið á viðhlítandi máta enda um flókið mál að ræða. Síðan umsögn stofnunarinnar var send Alþingi hefur gefist betra ráðrúm. Meðal annars átti undirritaður og sviðsstjóri á Veiðimálastofnun fund með fulltrúum úr starfshópi þeim sem vann að frumvarpsgerðinni sem og fulltrúum Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Á þeim fundum voru ýmis atriði skýrð. Þar komu einnig fram áhyggjur vegna skorts á ákvæðum í lögum um starfsemi deilda. Telja menn að sú lagalega óvissa geti vegið að grundvelli starfsemi veiðifélaga. Sá grunnur er afar dýrmætur og er meðal annars forsenda þeirra verðmæta, sem náð hefur að skapa um veiðihlunnindi hér á landi langt umfram það sem annars staðar er. Um leið er þetta afar mikilvæg tekjulind í sveitum landsins. Enn sem fyrr leggur stofnunin áherslu á að veiðinýting úr náttúrulegum stofnum sé sjálfbær.

Afstaða Veiðimálastofnunar til frumvarpsins er því breytt. Sem fyrr styður stofnunin þær breytingar sem lagðar eru til í 1. og 3. grein. Þá leggur stofnunin til að 2. grein verði einnig að lögum með ákveðnum lagfæringum.

Í núgildandi lögum er ákvæði um heimild til að veiðifélag starfi í deildum í 4. mgr. 39 gr. lagana. Það orðalag er tekið upp í frumvarpinu óbreytt. Það orðalag er ef til vill fullvítækt samanber það álit sem fram kemur í greinargerð Karl Axelssonar lögfræðings um að deildarskipting veiðifélaga sé undantekning frá meginreglunni. Mikilvægt er einnig að litið sé á hvert fiskihverfi er kemur að veiðinýtingu. Því leggjum við til að greinin orðist svo. *Þar sem sérstaklega háttar til fiskifræðilega, vatnafarslega eða landfræðilega er veiðifélagi heimilt að starfa í deildum, enda taki þá ákvæðið til alls félagssvæðisins. Hver deild skal setja sér samþykktir sem aðalfundur veiðifélagsins samþykkir og Fiskistofa staðfestir eftir umsögn frá Veiðimálastofnun. ....*

Hérna leggjum við einnig til að fagleg umsögn Veiðimálastofnunar komi Fiskistofu til stuðnings er varðar þær aðstæður er kalla á skiptingu í deildir, einkum er lítur að fiskstofnum.

Mikilvægt og nýtt ákvæði er að finna í frumvarpinu að komi til deildaskiptingu veiðifélags skuli allt félagið starfa í deildum. Þetta er mjög til bóta og tryggir jafnari stöðu veiðiréttareigenda og að allt félagið starfi á svipaðan máta.

Varðandi 1. tölulið 2. greinar frumvarpsins þarf að hafa hugfast við samþykkt nýtingaráætlanu að horft sé til heildarnýtingar þeirra fiskstofna sem eru á yfirráðasvæði veiðifélags sem starfar í deildum. Sama á við 3. grein. Til að tryggja að veiðinýting sé sjálfbær verða nýtingaráætlanir deilda að vera samræmdar innan félagsins því fiskur getur farið um svæði fleiri en einnar deildar. Í 6. tölulið þarf að fella út setningar um að deild geti orðið veiðifélag ákveði félagsfundur í veiðifélagi að afnema deildir. Ef aðstæður kalla á að vatnahverfi sé skipt í fleiri en eitt sjálfstætt veiðifélag er betra að gera það beint í stað þess að deild breytist í sjálfstætt veiðifélag.

Að fengnum þessum breytingum leggur Veiðimálastofnun að frumvarpið verði að lögum, enda brýnt að eyða þeirri lagalegu óvissu er nú ríkir um starfsemi deilda innan veiðifélaga.

Virðingarfyllst,

